

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1128/2003

2011/EES/68/41

frá 16. júní 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 999/2001 að því er varðar lengingu þess tímabils sem bráðabirgðaráðstafanir gilda (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽⁴⁾ er kveðið á um einn lagagrundvöll fyrir alla löggjöf um smitandi heilahrönnun í Bandalaginu.

2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur til að ákvarða stöðu aðildarríkis, þriðja lands eða einstakra svæða þeirra með tilliti til kúariðu. Sú staða, hér á eftir nefnd „staða með tilliti til kúariðu“, er til að ákvarða tiltekna ráðstafanir varðandi eftirlit með kúariðu og viðskipti með og innflutning á tilteknum lifandi dýrum og dýraafurðum. Í reglugerðinni er kveðið á um að áður en staða með tilliti til kúariðu er ákvörðuð skuli samþykka umbreytingarráðstafanir sem vari að hámarki í tvö ár.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 160, 28.6.2003, bls.1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽¹⁾ Álit frá 5. mars 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Álit frá 14. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. júní 2003.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1 Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 650/2003 (Stjtið. ESB L 95, 11.4.2003, bls. 15).

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1326/2001 frá 29. júní 2001 ⁽⁵⁾ er kveðið á um umbreytingarráðstafanir sem skulu gilda að hámarki í tvö ár frá 1. júlí 2001.

4) Tiltekin vandamál hafa komið upp við notkun viðmiðanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001 til þess að ákvarða stöðu með tilliti til kúariðu. Framkvæmdastjórnin hefur rætt mögulegar breytingar á þessum viðmiðunum við aðildarríkin til þess að skapa betra samræmi á milli stöðu og áhættu með tilliti til kúariðu. Þróun kaflans um kúariðu í alþjóðaheilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um dýr kann að hafa veruleg áhrif á niðurstöður þeirra viðræðna.

5) Nauðsynlegt er að lengja gildistíma umbreytingarráðstafananna til að unnt sé að ljúka þessum viðræðum.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað annarrar undirgreinar 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„Í samræmi við þá málsmeðferð skal samþykka umbreytingarráðstafanir fyrir tímabil sem lýkur eigi síðar en 1. júlí 2005 svo að unnt sé að skipta úr núverandi fyrirkomulagi yfir í það sem komið er á með þessari reglugerð.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 177, 30.6.2001, bls. 60. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 270/2002 (Stjtið. EB L 45, 15.2.2002, bls. 4).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. Cox

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. Papandreou

forseti.
